

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um lánveitingar Íbúðalánasjóðs til sveitarfélaga, félaga
eða félagasamtaka sem ætlaðar eru til byggingar eða kaupa á leiguhúsnæði
nr. 1042/2013, með síðari breytingum.**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. reglugerðarinnar:

- a. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein sem verður 3. mgr. svohljóðandi: Íbúðalánasjóði er heimilt að veita undanþágu frá hámarksstærðum skv. 1. mgr. vegna sérstakra aðstæðna þeirra sem framkvæmdaraðili hyggst leigja til og skal framkvæmdaraðili rökstyðja þörf fyrir slíka undanþágu.
- b. 3. mgr. verður 4. mgr. og 4. mgr. verður 5. mgr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 23. gr. reglugerðarinnar:

Í stað „4.329.000 kr.“ kemur: 4.749.000 kr.

Í stað „724.000 kr.“ kemur: 1.187.000 kr.

Í stað „6.063.000 kr.“ kemur: 6.649.000 kr.

3. gr.

Í stað „4.673.000 kr.“ í 1. mgr. 24. gr. reglugerðarinnar kemur: 5.126.000 kr.

4. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 3. mgr. 35. gr. og 1. mgr. 37. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998, með síðari breytingum, tekur þegar gildi.

Velferðarráðuneytinu, 18. ágúst 2016.

Eygló Harðardóttir
félags- og húsnæðismálaráðherra.

Bolli Þór Bollason.